7. gr.

Sá sem gegnir stöðu rannsóknarprófessors skal njóta sömu réttinda og þeir sem gegna stöðu prófessors við viðkomandi háskóla eða sérfræðings við rannsóknarstofnun, eftir því sem við á, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga starfsmanna við hlutaðeigandi stofnun. Rannsóknarprófessor skal halda opinbera fyrirlestra um rannsóknir sínar á meðan á ráðningartíma stendur.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem byggir á ákvæðum 22. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. maí 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 300 16. maí 1995

REGLUR

um breytingu á reglum um réttindi til að stjórna vinnuvélum nr. 198/1983.

7. gr. orðist svo:

Þegar nemandi hefur lokið námi og verklegri þjálfun skv. reglum þessum skal senda Vinnueftirliti ríksins umsókn um próftöku.

Umsókn skal fylgja:

1. Umsögn um þátttöku á námskeiði og próf skv. 3. gr.
2. Vottorð kennara um að lokið sé verklegri kennslu.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist vottorðs læknis um að umsækjandi fullnægi kröfum sem gerðar eru um sjón og heyrn og andlega og líkamlega hreysti. Þegar framangreind gögn liggja fyrir sér Vinnueftirlit ríkisins um að prófa umsækjanda.

8. gr. orðist svo:

Standist umsækjandi próf skv. 7. gr. gefur Vinnueftirlitið út skírteini því til staðfestingar.

Í skírteini skal koma fram:

1. Númer þess.
2. Nafn og kennitala.
3. Útgáfudagur.
4. Hvenær skírteinið var fyrst gefið út.
5. Gildistími.
6. Tæki sem réttindi ná til.

Stjórnandi vinnuvélar skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess.

Skírteinið gildir þar til handhafi þess verður 70 ára en þá getur hann endurnýjað það í 3 ár í senn. Með umsókn um endurnýjun skal fylgja læknisvottorð samkvæmt 7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu þeir, sem hafa réttindi til að stjórna krana í flokkum A, B, D eða P, leggja fram vottorð læknis á 10 ára fresti um að heilsa þeirra uppfylli öryggiskröfur, sbr. ákvæði 7. gr.

Réttindaflokkar eru skilgreindir í viðauka I.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríksins samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I
Skilgreining á réttindaflokkum í vinnuvélaskírteini.

A Staðbundnir kranar, byggingarkranar.
B Farandkranar stærri en 18 tm.
C Brúkranar.
D Kranar minni en 18 tm.
E Gröfur þyngri en 4.000 kg.
F Hjólaskóflur.
G Jarðýtur.
H Vegheflar.
I Dráttarvélar og minni jarðvinnuvélar.
J Lyftarar með allt að 10 t lyftigetu.
K Lyftarar með meiri en 10 t lyftigetu.
L Valtarar.
M Malbikunarvélar.
P Hleðslukranar minni en 18 tm.